

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. febrúar 2024
Málsnúmer: 202402-0023
LA

Efni: Umsögn um leyfisumsókn til rannsóknar á jarðhita í Meitlum og Hverahlíð II

Vísað er í tölvubréf frá Orkustofnun, dags. 6. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsóknarleyfisumsókn Orkuveitu Reykjavíkur þar sem sótt er um leyfi til leitar og rannsóknar á jarðhita í Meitlum og Hverahlíð II í sveitarfélaginu Ölfusi.

Innan afmarkað rannsóknarsvæðis er svæði á náttúruminjaskrá, Eldborg undir Meitlum (nr. 754), hverfisverndarsvæði og vatnsverndarsvæði. Þá nýtur stór hluti svæðisins, gígar, hraun og hraunhellar mynduð á nútíma, sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Í sömu grein kemur einnig fram að forðast ber að raska náttúruminum sem þar eru tilgreindar nema að brýna nauðsyn beri til, og er þá fyrst og fremst átt við brýnir almannahagsmunir. Þá kemur einnig fram í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (nr. 48/2011) að virkjunarkostir byggji á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsagnir til Skipulagsstofnunar varðandi fyrirhugaðar rannsóknarboranir vegna jarðhitaleitar í Meitlum og Hverahlíð II. Þetta eru umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna tveggja rannsóknarborhola við Meitla, dags. 22. mars 2023, og umsögn um matsáætlun vinnslu- og rannsóknarhola í Hverahlíð og Meitlum, dags. 22. janúar 2024.

Umsagnirnar má finna á vef stofnunarinnar (<https://www.ni.is/is/stofnunin/radgjof/umsagnir>).

Það er álit Náttúrufræðistofnunar að náttúruminjasvæðið Eldborg og Eldborgarhraun, ásamt móbergssvæðinu við Meitla, séu með mjög hátt verndargildi vegna jarðminja. Á svæðinu er mikill jarðbreytileiki er varðar eldvirkni á ísöld og nútíma, ásamt höggun sem tengist rekbelti landsins. Jarðminjar svæðisins hafa alþjóðlegt mikilvægi vegna fágætis og óröskuð ásýnd svæðisins, jarðminjaheildin, er mikilvæg vegna vísinda- og fræðslugildis. Þá er svæðið mikilvægt útivistarsvæði í nálægð þéttbýlis. Fyrirhugaðar rannsóknarborholur munu valda raski sem hefur varanleg áhrif á svæðið, spilla ásýnd þess og skerða verndar-, fræðslu- og útivistargildi.

Í þingsályktun Alþingis (nr. 24/152) frá júní 2022, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða eru virkjanakostirnir Hverahlíð II og Meitlar í orkunýtingarflokki. Þegar skoðaðar eru skýrslur Orkustofnunar fyrir virkjunarkostina sem tilgreindar eru í ályktuninni (R3269A og R3271B) þá er ekki samræmi á milli afmarkaðs nýtingarsvæðis og afmarkaðs rannsóknarsvæðis



Þessarar umsóknar. Út frá verndarsjónarmiði telur Náttúrufræðistofnun að mörk rannsóknarsvæðisins eigi að vera í samræmi við nýtingarsvæði samkvæmt ályktun Alþingis 2022 (sjá nr. R3269A). Rask á yfirborði s.s. vegna rannsóknarborhola, eru ekki ásættanlegar utan afmarkaðs nýtingarsvæðis virkjunarkosta.

Eins og fram hefur komið telur Náttúrufræðistofnun mikilvæga hagsmuni felast í verndun svæðisins, ekki síður en orkunýtingu þess. Við útgáfu rannsóknarleyfis er mikilvægt að eftirfarandi ábendingar Náttúrufræðistofnunar séu skoðaðar:

- Rökstyðja þarf hverjir eru brýnir hagsmunir almennings samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Afmarka þarf rannsóknarsvæði í samræmi við afmarkað nýtingarsvæði þingsályktunar Alþingis frá 2022.
- Að skáboranir séu nýttar til að valda sem minnstu raski á yfirborði.
- Vinna þarf áætlun um frágang á raski innan rannsóknarsvæðisins ef svæðið reynist ekki nýtingarhæft.
- Tilgreina þarf aðgerðir og viðbragðsáætlun til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

Heimild:

Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Nr. 24/152 (<https://www.althingi.is/alttext/152/s/1299.html>)

R3269 Meitillinn. Viðauki 68 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/02. Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar

R3271B Hverahlíð II. Viðauki 70 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/04. Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar.

